

Fimmtudaginn 21. janúar 1993.

Nr. 355/1989. **Hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps**

(Kristinn Hallgrímsson hdl.)

(Jón Ólafsson hrl.)

gegn

Jóhanni Johansen,

Árna Þorkelssyni,

Ólafi H. Ingimarssyni og

Erni Karlssyni

(Eiríkur Tómasson hrl.).

Forkaupsréttur. Jarðalög. Stjórnsýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. september 1989. Krefst hreppsnefnd þess, að allar kröfur hennar í héraði verði teknar til greina. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti.

Það athugast, að landbúnaðarráðuneytið úrskurðaði 1. desember 1988 um ágreining aðila, en að lögum ber ekki nauðsyn til, að dómur gangi um þann úrskurð, enda gat ráðuneytið ekki annað en ógilt eða staðfest ákvörðun áfrýjanda, en ekki breytt efni hennar. Þá stendur það ekki því í vegi, að efnisdómur gangi, að afla þarf samþykkis til sölu Eystra-Hóls samkvæmt 6. gr. jarðalaga nr. 65/1976.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu óskipt 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps, greiði stefndu, Jóhanni Johansen, Árna Þorkelssyni, Ólafi H.

Ingimarssyni og Erni Karlssyni, óskipt 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 20. júní 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. júní sl., höfðuðu Jóhann Johansen, kt. 300347-4529, Áslandi, Vestur-Húnavatnssýslu, Árni Þorkelsson, kt. 121163-2849, Birkihvammi 12, Kópavogi, Ólafur H. Ingimarsson, kt. 250361-4329, Viðigrund 55, Kópavogi, og Örn Karlsson, kt. 080460-3179, Birkihvammi 18, Kópavogi, á hendur hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps, kt. 690269-1989, Rangárvallasýslu, með framlagningu stefnu í dómi 11. janúar sl.

Dómkröfur stefnenda eru þær,

1) að lýst verði ólögmat sú ákvörðun hreppsnefndar Vestur-Landeyjahrepps, sem tekin var á fundi nefndarinnar 2. október 1988, að neyta forkaupsréttar samkvæmt jarðalögum nr. 65/1976 og ganga inn í kaupsamning stefnenda um jörðina Eystri-Hól í Vestur-Landeyjahreppi,

2) að viðurkennt verði, að hreppsnefnd hafi glatað rétti sínum til þess að neyta forkaupsréttar og ganga inn í kaupun.

Jafnframt krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir.

Einn stefnenda, Jóhann Johansen, seldi öðrum stefnendum, þ. e. þeim Árna Þorkelssyni, Ólafi H. Ingimarssyni og Erni Karlssyni, jörðina Eystri-Hól í Vestur-Landeyjahreppi með kaupsamningi, dags. 6. september 1988. Með bréfi, dags. 8. september 1988, sendu kaupendur hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps kaupsamninginn og óskuðu eftir því, að hreppurinn félli frá forkaupsrétti sínum samkvæmt IV. kafla jarðalaga nr. 65/1976 með síðari breytingum. Í bréfinu lýsa kaupendur áformum sínum með kaupunum á þann veg, að þeir telji sig alla vera hestamenn og með kaupunum séu þeir umfram allt að tryggja hrossum sínum viðurværi og sjálfum sér aðstöðu til hestahalds á breiðum grundvelli. Ætlun þeirra sé að vera með reiðhesta á jörðinni ásamt því að stunda þar hrossarækt með lítinn hóp og strangt úrval. Þá gera kaupendur grein fyrir tengslum sínum við umrætt landsvæði og taka fram, að allir vilji þeir flytja lögheimili sitt að Eystri-Hóli, nema hreppsnefnd sjái einhverja meinbugi á því. Að síðustu taka kaupendur fram, að ef eitthvað sé óljóst eða meiri upplýsinga sé þörf, séu þeir fúsir til að veita þær í síma og gefa upp símanúmer sín.

Erindi þetta var kynnt á fundi hreppsnefndar Vestur-Landeyjahrepps 18. september 1988, en á fundi hreppsnefndar 2. október s. á. samþykkti hreppsnefnd að nýta sér forkaupsrétt sinn og ganga inn í kaupin. Fjórir hreppsnefndarmenn greiddu atkvæði með þessari ákvörðun, en einn sat hjá. Á sama fundi samþykkti hreppsnefnd að selja Sigurði Reynissyni jörðina samkvæmt fyrirbyggjandi kaupsamningi.

Stefnendur fengu 4. október 1988 fréttir af ákvörðun hreppsnefndar, og fóru þeir þá á fund oddvita hreppsnefndar, Eggerts Haukdals, og fengu endurrit af bókun nefndarinnar. Í framhaldi af þessu riftu stefnendur gerðum kaupsamningi sín í milli og gerðu í hans stað samning um leigu á jörðinni. Lögmaður stefndu sendi stefnanda Jóhanni skeyti 7. október 1988 og ítrekaði, að hreppsnefnd hefði notað forkaupsrétt sinn og riftun kaupsamningsins væri ekki gild gagnvart hreppsnefnd. Jafnframt tilkynnti lögmaðurinn, að hreppsnefnd áformaði að leita til dómstóla um útgáfu afsals, yrði ekki staðið við kaupsamninginn. Stefnendur drógu riftun sína á kaupsamningnum síðan til baka með yfirlýsingu, dagsettri 16. nóvember 1988.

Á grundvelli 17. gr. jarðalaga nr. 65/1976 með síðari breytingum skutu þrír stefnenda, Árni, Ólafur og Örn, ákvörðun hreppsnefndar til landbúnaðarráðuneytisins með bréfi, dags. 2. nóvember 1988. Eftir að ráðuneytið hafði gert hreppsnefnd og þeim, er kærðu ákvörðunina, kost á að tjá sig, kvað ráðuneytið upp úrskurð í málinu 1. desember 1988, þar sem þeirri kröfu kærenda, að ákvörðun hreppsnefndar frá 2. október 1988 í tilefni af sölu jarðarinnar Eystri-Hóls yrði felld úr gildi, var hafnað.

Hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps höfðaði mál fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu á hendur stefnanda Jóhanni Johansen og krafðist þess, að hann yrði dæmdur til að gefa út afsal fyrir jörðinni til hreppsnefndar í samræmi við fyrrgreindan kaupsamning. Málið var þingfest 23. nóvember 1988, og tók Jóhann til varna og höfðaði jafnframt mál þetta ásamt kaupendum samkvæmt upphaflegum kaupsamningi frá 6. september 1988.

— — —

Forsendur og niðurstaða.

Ákvæði IV. kafla jarðalaga nr. 65/1976 með síðari breytingum um forkaupsrétt sveitarfélaga komu í stað eldri laga um sama efni, þá laga nr. 40/1948 um kauprétt á jörðum. Við meðferð frumvarpa til laga um forkaupsrétt sveitarfélaga að jörðum á Alþingi allt frá setningu fyrstu laga um það efni, laga nr. 30/1905 og síðar laga nr. 40/1919, laga nr. 55/1926 og laga nr. 40/1948, kom fram, að tilgangur þessarar lagasetningar væri að veita sveitarstjórnnum færi á að grípa inn í viðskipti með jarðir, þegar horfur væru á, að þær kæmust í eigu utansveitarmanna eða yrðu nýttar til annars en búskapar.

Það hefur því frá upphafi lagasetningar um forkaupsrétt sveitarfélaga að jörðum verið tilgangur þeirra lagaákvæða að veita sveitarstjórn kost á að hafa við sölu jarða í sveitarfélaginu áhrif á, að þeim væri ráðstafað í samræmi við hagsmuni sveitarfélagsins og þeirra, sem landbúnað stunda, eins og það er nú orðað í 1. gr. jarðalaga nr. 65/1976.

Forkaupsréttarheimildin í 1. mgr. 30. gr. jarðalaga nr. 65/1976, sbr. lög nr. 90/1984, er hluti af þeim valdheimildum, sem sveitarstjórn hefur til að hlutast til um eignarhald, meðferð og nýtingu fasteigna í sveitarfélaginu, og felur í sér almenna takmörkun á eignarráðum fasteignaeigenda. Við ákvörðun um, hvort beitt skuli forkaupsrétti samkvæmt nefndri 1. mgr. 30. gr. jarðalaga, fer sveitarstjórn með opinbert vald, og við þá ákvörðun þarf sveitarstjórn ekki eingöngu að gæta ákvæða 1. gr. jarðalaga um tilgang laganna, eins og stefnda heldur fram, heldur einnig almennra reglna um málsmeðferð og ákvarðanir sveitarstjórnar sem stjórnvalds.

Af hálfu stefnenda er á því byggt, að við ákvörðun sína hafi hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps ekki gætt réttra lagasjónarmiða og brotið gegn jafnræðisreglunni, auk þess sem gallar hafi verið á málsmeðferð af hálfu hreppsnefndar. Verður nú fjallað um málsástæður stefnenda varðandi málsmeðferðina og andsvör stefndu.

Stefnendur héldu því fram við flutning málsins, að boðun hreppsnefndarfundar 2. október 1988 hefði ekki verið í samræmi við 2. mgr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, þar sem íbúum sveitarfélagsins hefði ekki verið kunngert með auglýsingu, hvar hreppsnefnd héldi fundi. Þá hefði fundurinn ekki verið haldinn fyrir opnum dyrum í samræmi við 3. mgr. 48. gr. laganna. Af hálfu stefndu var þessari málsástæðu ekki mótmælt sem of seint fram kominni, og þykir því rétt að fjalla sérstaklega um hana.

Oddviti hreppsnefndar, Eggert Haukdal, hefur í skýrslu sinni fyrir dómnum greint frá því, að fundir hreppsnefndar Vestur-Landeyjahrepps hafi ekki verið sérstaklega auglýstir opinberlega fyrir fram og að hið sama hafi átt við fundinn 2. október 1988, en eins og venja sé í fámennari sveitarfélögum, séu hreppsnefndarfundir haldnir annaðhvort á heimili oddvita eða í skrifstofu hreppsins í félagsheimili sveitarinnar. Hreppsþúar viti, hvar hreppsnefnd haldi fundi sína, og það fréttist fljótt í fámennri sveit, hvenær halda eigi hreppsnefndarfund, og hver og einn geti komið og fylgst með hreppsnefndarfundum, þó að aldrei hafi verið leitað eftir því.

Stefnendur hafa ekki sýnt fram á, að tilhögun fundar hreppsnefndar 2. október 1988 hafi verið andstæð 3. mgr. 48. gr. laga nr. 8/1986, og ekki verður talið, að sá galli, sem var á auglýsingu fundarins, hafi haft þau áhrif á ákvörðun nefndarinnar, að ógilda beri hana af þeim sökum.

Stefnendur telja, að þar sem hreppsnefnd hafi reist ákvörðun sína á sögu- sögnum um áform þeirra og ekki gefið þeim af því tilefni tækifæri til að

skýra nánar fyrir nefndinni áform sín, séu slíkir gallar á undirbúningi ákvörðunarinnar, að lýsa beri hana ólögmæta. Stefnda mótmælir þessu og heldur því fram, að hreppsnefnd hafi kynnt sér alla málavexti og allar hliðar málsins, áður en hún tók ákvörðun sína.

Í fram lagðri samþykkt hreppsnefndar frá 2. október 1988 eru ekki greindar ástæður fyrir þeirri ákvörðun nefndarinnar að neyta forkaupsréttar að jörðinni Eystra-Hóli. Í bréfi, sem hreppsnefnd sendi landbúnaðarráðuneyti í tilefni kæru, sem þrír stefnenda báru fram samkvæmt heimild í 17. gr. jarðalaga vegna þeirrar ákvörðunar nefndarinnar, sem um er deilt í máli þessu, gerir nefndin grein fyrir, á hverju hún hafi reist ákvörðun sína. Þar kemur fram, að eftir að hreppsnefnd hafði borist kaupsamningur um jörðina Eyrstra-Hól, hafi farið fram athugun á því, hvaða augum nágrannar litu málið. Orðrétt segir í bréfinu:

„Voru þeir sammála um, að þeir æsktu ekki nábýlis við kaupendur, og var það e. t. v. ekki að ástæðulausu. Afstaða nágrannanna var mikilvægt atriði í ákvarðanatöku hreppsnefndarinnar, auk þess sem nefndinni var kunnugt um umgengni og búhátta á jörð í okkar sveit, sem tengist einum kaupandanum.

Þá kom það og til og var viðurkennt af kaupendum, að til stóð að fjármagna kaupin á jörðinni með því að rífa niður og selja burt eina almennilega húsið á jörðinni, skemmu. Þá átti einnig að selja burt þann litla kvóta, sem jörðinni fylgdi. Þeir lofuðu að vísu bót og betrun, en fyrri reynsla hreppsnefndar af loforðum tengdum einum kaupendanna var ekki slík, að yfirbótum þætti treystandi. Hugmyndirnar um sölu skemmunnar og kvótans bentu hins vegar sterklega til þess, að jörðina ætti þrátt fyrir fögur orð um annað einungis að nýta til beitar, og reynslan af slíkum búskap aðkomumanna er slík, að menn vilja ekki búa undir því.“

Fer þessi lýsing á ástæðum hreppsnefndar saman við skýrslur hreppsnefndarmanna fyrir dómi.

Af hálfu stefndu hafa ekki verið færð fram nein gögn til stuðnings því, að nágrannar jarðarinnar Eystra-Hóls hafi ekki óskað eftir nábýli við kaupendurna Árna, Ólaf og Örn. Hreppsnefndarmaðurinn Guðjón Sigurjónsson, bóndi á Grímsstöðum, næstu jörð við Eystra-Hól, sagði í skýrslu sinni fyrir dóminum, að hann og oddviti hreppsnefndar hefðu ekki rætt um það sín í milli, að nágrannar jarðarinnar væru mótfallnir því, að þremmenningarnir keyptu jörðina, og þetta atriði hefði ekki verið rætt á hreppsnefndarfundinum. Annar hreppsnefndarmaður, Haraldur Júlíusson, bóndi í Akurey, sagði í skýrslu sinni fyrir dóminum, að oddviti hreppsnefndar hefði á fundum nefndarinnar 18. september og 2. október 1988 talað um, að margir íbúar hreppsins væru óánægðir með þá þrjá menn, sem hefðu hug á að kaupa, en aðspurður sagðist Haraldur ekki hafa orðið var við slíka

óánægju. Þá kom fram í skýrslu Bjarna Halldórssonar á Skúmsstöðum, en land þeirrar jarðar liggur að landi Eystra-Hóls, að af hálfu hreppsnefndar hefði ekki verið rætt við sig sem nágranna, áður en hreppsnefnd tók ákvörðun sína, og sér hefði ekki verið kunnugt um neina sérstaka andstöðu við þá þremmenninga, sem vildu kaupa jörðina.

Þegar framangreindar skýrslur eru virtar, verður að telja sannað, að stefnda hafi ekki aflað upplýsinga um viðhorf nágranna Eystra-Hóls, áður en nefndin tók ákvörðun sína, eins og stefnda hefur þó haldið fram í bréfi til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 15. nóvember 1988.

Í áðurnefndu bréfi stefndu frá 15. nóvember 1988 kemur fram, að ákvörðun hreppsnefndar var einnig á því reist, að kaupendur hafi ætlað að rífa og selja burt skemmu á jörðinni og fullvirðisrétt jarðarinnar. Telur stefnda, að þessi áform hafi verið viðurkennd af kaupendum.

Ágreiningur er milli málsaðila um, hvort fulltrúar úr hreppsnefnd og kaupendur hafi rætt saman um áform kaupenda, áður en hreppsnefnd tók ákvörðun sína. Telja verður með vísan til skýrslna aðila, að ekki hafi verið sýnt fram á, að slíkar viðræður hafi farið fram né að kaupendur hafi viðurkennt, að þeir hefðu uppi áform um sölu skemmunnar og fullvirðisréttarins, áður en hreppsnefnd tók ákvörðun sína. Þá verður að telja, að hin tilvitnuðu loforð um „bót og betrun“ hafi verið gefin eftir hreppsnefndarfundinn 2. október 1988.

Stefnendur halda því fram, að hreppsnefnd hafi reist ákvörðun sína á sögusögnum um áform kaupenda, og verður að skilja skýrslur hreppsnefndarmanna á þann veg, að svo hafi verið að hluta. Guðjón Sigurjónsson á Grímsstöðum sagði í sinni skýrslu aðspurður um, hver hefði veitt honum upplýsingar um áform kaupenda: „Þetta voru sögusagnir, sem voru búnar að ganga í sveitinni á þessum tíma, sem samningurinn lá frammi.“ Jón Gunnar Karlsson á Strönd II sagði í skýrslu sinni, að hann hefði heyrt það hjá Ágústi Rúnarssyni í Vestra-Fíflholti, að kaupendur ætluðu að fjármagna kaupin með sölu á skemmunni og fullvirðisréttinum, og það hefði nánast verið hið eina, sem hann hefði heyrt um þetta. Eggert Haukdal, oddviti hreppsnefndar, var við skýrslutöku spurður að því, hvort ákvörðun nefndarinnar hefði fyrst og fremst verið byggð á sögusögnum, og svaraði hann þá: „Að hluta.“

Eins og áður er fram komið, bar hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps að gæta almennra reglna við undirbúning og töku ákvörðunar sinnar, þar á meðal að afla nægjanlegra upplýsinga til að reisa ákvörðun sína á. Var til þess sérstök ástæða við þessa ákvörðun, þar sem hreppsnefnd byggði á upplýsingum, sem ekki voru komnar frá stefnendum, og ákvörðunin fól í sér beitingu valdheimildar til takmörkunar á eignarráðum fasteignareiganda. Fullnægjandi upplýsingar um áform kaupenda voru líka nauðsyn-

legar, til þess að unnt væri að leggja mat á, hvort skilyrði væru til að beita forkaupsréttarheimildinni í samræmi við hinn lögmælda tilgang hennar. Ber þá einnig að líta til þess, að á sama fundi tók nefndin ákvörðun um sölu jarðarinnar til annars aðila og að fyrir liggur, að a. m. k. hluta hreppsnefndarmanna var kunnugt um takmarkanir á ráðstöfun fullvirðisréttar jarðarinnar.

Af hálfu stefndu er fullyrt, að nægjanlegar upplýsingar hafi legið fyrir hjá hreppsnefnd, þegar hún tók ákvörðun sína. Fram er komið, að fullyrðingar stefndu um, að viðhorf nágranna hafi verið kannað og fyrir hafi legið upplýsingar um, að kaupendur ætluðu að rífa og selja burt skemmu á jörðinni og fullvirðisrétt hennar, eru ekki studdar fullnægjandi gögnum af hálfu stefndu, og verður því að telja, að ákvörðun stefndu hafi aðallega verið reist á sögusögnum um áform kaupenda, án þess að gengið væri úr skugga um sannleiksgildi þeirra.

Að virtu því, sem að framan greinir um ástæður ákvörðunar hreppsnefndar og undirbúning hennar, verður að fallast á það með stefnendum, að stefnda hafi ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni samkvæmt stjórnsýslurétti og lagt viðhlítandi grundvöll að ákvörðuninni, áður en hún var tekin. Þá verður að telja, eins og hér háttar til, að hreppsnefnd hafi borið að gefa stefnendum kost á að tjá sig um efni sögusagna þeirra, sem hún reisti á ákvörðun sína, enda verður ekki fullyrt, að ákvörðunin hefði orðið sama efnis, ef svo hefði verið.

Fallast má því á það með stefnendum, að slíkir gallar hafi verið á undirbúningi ákvörðunar hreppsnefndar Vestur-Landeyjahrepps frá 2. október 1988 um að neyta forkaupsréttar og ganga inn í kaupsamning stefnenda, að ógilda beri hana, en skýra verður kröfugerð stefnenda um, að ákvörðunin verði lýst ólögmæt, á þann veg, að hún feli í sér kröfu um ógildingu, enda hefur málflutningur aðila verið við það miðaður.

Stefnendur gera í öðru lagi kröfu um, að stefnda hafi glatað rétti sínum til að neyta forkaupsréttar og ganga inn í kaupin. Bera þeir fyrir sig, að verði aðalkrafa þeirra tekin til greina, svo sem gert hefur verið, sé frestur sá, er tiltekinn er í 32. gr. jarðalaga nr. 65/1976 með síðari breytingum, útrunninn og óeðlilegt sé, að stefndu gefist að nýju kostur á að neyta forkaupsréttar.

Ákvörðun þeirri, sem um er deilt í máli þessu, var af hálfu þriggja stefnenda skotið til landbúnaðarráðuneytisins samkvæmt heimild í 17. gr. jarðalaga nr. 65/1976 með síðari breytingum, og með úrskurði ráðuneytisins 1. desember 1988 var hafnað kröfu kærenda um, að hin kærða ákvörðun yrði felld úr gildi. Við fyrirtöku málsins í dómi 2. febrúar 1989 lýsti lögmaður stefndu yfir því, að af hálfu stefndu yrði ekki höfð uppi sýknukrafa vegna aðildarskorts eða krafa um frávísun málsins. Í framhaldi þess lýsti lögmaður

ur stefnenda yfir, að í ljósi þessa sæi hann ekki ástæðu til að stefna landbúnaðarráðherra í mál þetta. Í þinghaldi 1. júní sl. tók lögmaður stefndu fram, sérstaklega spurður af dóminum, að stefnda liti svo á, að með bókun sinni í réttinum 2. febrúar 1988 hefði hreppsnefnd fallið frá því að byggja síðar á úrskurði landbúnaðarráðuneytisins gagnvart stefnendum. Telja verður með tilliti til framangreindrar yfirlýsingar stefndu og þess, að dómur í máli bindur aðeins aðila þess, geti dómurinn fjallað um kröfu þessa, enda þótt úrskurður landbúnaðarráðuneytisins frá 1. desember 1988 sé ekki til meðferðar hér.

Ákvörðun hreppsnefndar Vestur-Landeyjahrepps frá 2. október 1988 er úr gildi felld með dómi þessum, eins og að framan greinir. Frestur sá, er nefndin hafði til að taka afstöðu til erindis stefnenda samkvæmt 32. gr. jarðalaga, var úti 6. október 1988. Galli á ákvörðun hreppsnefndar, sem leiðir til þess, að hún er felld úr gildi, veitir henni ekki færi á að taka nýja ákvörðun að liðnum hinum lögmaelta fresti. Þykir því mega fallast á það með stefnendum, að stefnda hafi glatað rétti sínum til þess að neyta forkaupsréttar í tilefni kaupsamnings þess, sem hreppsnefndin tók afstöðu til á fundi sínum 2. október 1988.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefndu til að greiða stefnendum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 170.000 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til sölugjalds af málflutningsþóknun.

Kjartan Þorkelsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Allan V. Magnússyni borgardómara og Tryggva Gunnarssyni lögfræðingi.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun hreppsnefndar Vestur-Landeyjahrepps, sem tekin var á fundi hennar 2. október 1988, að neyta forkaupsréttar og ganga inn í kaupsamning stefnenda um jörðina Eystra-Hól í Vestur-Landeyjahreppi er úr gildi felld.

Viðurkennt er, að stefnda hafi glatað rétti sínum til þess að neyta forkaupsréttar samkvæmt kaupsamningi stefnenda, dagsettum 6. september 1988.

Stefnda, hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps, greiði stefnendum, Jóhanni Johansen, Árna Þorkelssyni, Ólafi H. Ingimarssyni og Erni Karlssyni, óskipt 170.000 krónur í málskostnað.